

4. gr.

43

Framan við 44. gr. laganna bætist:

5. apríl

Söluskattur samkv. 1. tölulið 42. gr. skal innheimtur af innheimtumönnum ríkisins (sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, í Reykjavík tollstjóra) um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og önnur aðflutningsgjöld.

5. gr.

Upphaf 46. gr. orðist svo:

Verð vöru og þjónustu

6. gr.

47. gr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning hans og innheimta er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu, sem um ræðir í 41. gr., skuli greiða söluskatt samkv. lögum þessum. Í reglugerð skal ákveða um meðferð kæra og kærufresti.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

44

um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.

5. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndar-svæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilfni til.

2. gr.

Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

44

5. apríl

3. gr.

Fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal refsað með sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00 eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerðinni.

4. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

45

5. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 2. gr., svolátandi:

Í Akureyrarprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Ráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrirmæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðunum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal á þessu ári láta fara fram athugun á því, hverjar breytingar eru nauðsynlegar á skipun prestakalla, og gera tillögur um það til Alþingis, er það kemur næst saman.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.